

Sp.

### 361. Tillaga til þingsályktunar

[178. mál]

um raforkumál Vestfjarða.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að hún láti þegar í stað hefja nauðsynlegan undirbúning að ákvarðanatöku um lagningu raflínu frá byggðalínu í botni Hrótafjarðar að Mjólkársvirkjun á Vestfjörðum, þannig að Alþingi gefist kostur á að taka afstöðu til þeirrar framkvæmdar við gerð fjárlaga fyrir árið 1978. Undirbúningur að ákvarðanatöku þessari miðist við tillögur, sem þegar liggja fyrir um gerð slíkrar línu, línusvæði, áfangaskipti framkvæmda o. fl., og við það miðað, að lögn línunnar og gerð aðveitustöðva geti verið lokið eigi síðar en um áramót 1979—1980.

Jafnframt ályktar Alþingi að skora á ríkisstjórnina að hraða gerð áætlana um næstu vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum þar sem m. a. verði skorið úr um, hvaða virkjunarstaður sé hagkvæmastur, án þess þó að brotið sé í bága við náttúruverndarsjónarmið, og tillögur um virkjunarstað, stærð og gerð virkjunar og kostnaðaráætlanir liggi fyrir sem allra fyrst, svo af þeim sökum sé unnt að taka ákvörðun um nýja vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum í samræmi við orkuþarfir svæðisins.

#### Greinargerð.

Tilgangurinn með flutningi tillögu þessarar er sá, að Alþingi marki þá ákveðnu stefnu í raforkumálum vestfirðinga, sem líklegust er til þess að leysa sem fyrst úr brýnni raforkuþörf, sem nálgast nú hreint neyðarástand. Engar framkvæmdir hafa verið ákveðnar í þeim efnum, en þó langt komið margvíslegri undirbúningsvinnu, þannig að ákvarðanir er hægt að taka á grundvelli hennar, en á það hefur skort.

Tillagan gerir ráð fyrir, að sem fyrsti kostur til úrbóta verði sú leið valin, sem talsvert er nú um liðið síðan könnuð var rækilega, að lögð verði lína frá byggðarlínu í botni Hrótafjarðar til Mjólkársvirkjunar, en sú framkvæmd hefur nú um nokkurt skeið verið að mestu tilbúin til ákvörðunar. Þá er jafnframt lagt til að hraðað verði athugunum, sem raunar er sumum hverjum þegar lokið, á líklegustu virkjunarstöðum á Vestfjörðum og endanlega skorið úr um hvaða virkjunarstaður sé hagkvæmastur, án þess þó að með þeirri virkjun sé brotið í bága við náttúruverndarsjónarmið. Verði síðan unnið að hönnun slíkrar virkjunar og gerð kostnaðaráætlana, þannig að skortur á nægjanlegum undirbúningi standi ekki í vegi fyrir ákvarðanatöku um nýja vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum þegar þörf krefur, eins og verið hefur.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í mörgum landshlutum — þ. á m. á Vestfjörðum — er ríkjandi mikill skortur á raforku. Sá raforkuskortur hefur þegar skapað umtalsverða erfiðleika, þar sem eftirspurn er nú þegar orðin meiri en framboð, með þeim afleiðingum að ráðast hefur þurft í kaup á dísilvélum til raforkuframleiðslu og keyra þær vélar lengi, en raforka frá dísilstöðvum er, eins og kunnugt er, mun dýrari en sé hún framleidd í vatnsorkuverum. Þá hefur raforkuskorturinn einnig orðið umræddum landssvæðum fjötur um fót svo af hlýst mikið tjón og margvíslegir erfiðleikar, ekki aðeins fyrir íbúa þessara landshluta, sem einnig eiga undir högg að sækja varðandi ýmis önnur mál, svo sem félagslega þjónustu, heldur einnig fyrir þjóðarbúið í heild, því t. d. á Vestfjörðum eru framleidd til útflutnings meiri verðmæti á íbúa en víðast hvar annars staðar í landinu. Raforkuskortur hefur

í för með sér kyrrstöðu í þeirri framleiðslu, auk þess sem öllum öðrum atvinnurekstri, svo sem iðnaði, er þröngur stakkur skorinn. Þá hefur raforkuskorturinn einnig orðið til þess að auka mjög á mismunun í hitunarkostnaði, en á hinum orkusvæltu svæðum eiga menn ekki annarra kosta vól en að hita hús sín með dýrasta orkugjafanum, innfluttri olíu, sem hefur í för með sér allt að fjórföldum kostnaði við húsa hitun miðað við kyndingarkostnað á hagkvæmustu hitaveitusvæðunum og auk þess mikla eyðslu á dýrmætum gjaldeyri. Á sama tíma og þetta á sér stað eru önnur orkuveitusvæði í landinu, sem hafa mikið af ódýrri orku umfram eftirspurn, og vandamálið þar er að útvega kaupendur að raforkunni. Afleiðingin hefur m. a. orðið sú, að samið er við útlenda aðila um kaup á ódýrustu íslensku raforkunni á sama tíma og hluti landsmanna sjálfra situr uppi með dýrustu raforku, sem unnt er að framleiða í landinu — og fær auk þess ekki nema hluta þeirrar raforku sem þarf. Af þessum sökum, auk margra annarra, er eitt hið mesta nauðsynjaverk að tengja saman orkuveitusvæði landsins, svo hægt sé að nýta virkjanir sem best og flytja ódýra raforku, sem t. d. er að fá á orkuveitusvæði Landsvirkjunar, til þeirra svæða þar sem orkuskortur er ríkjandi. Slík ráðstöfun er einnig í sumum tilvikum, t. d. á Vestfjörðum, sú ráðstöfun, sem fljótast getur bætt úr brýnni þörf.

Eins og nú er ástatt í raforkumálum vestfirðinga er óhætt að fullyrða, að algert neyðarástand sé á næsta leiti. Á s. l. ári var tekin í notkun stækkun á Mjólklár-virkjun, svonefnd Mjólklár-virkjun II, með 5.7 MW afli. Þegar sú stöð var tekin í notkun var vitað, að framleiðsla hennar mundi ekki duga nema til þess að fullnægja þeirri eftirspurn, sem þegar var orðin eftir raforku á veitusvæði Mjólklár, og því ekkert til afgangs, en samanlagt afl vatnsaflsvirkjana á veitusvæði Mjólklár-virkjunar eftir tilkomu Mjólklár-virkjunar II er aðeins 9.6 MW. Eins og nú standa sakir er afl þessara virkjana hins vegar mun minna sökum þess, að Mjólklár-virkjun II fær vatn að hluta til af vatnasvæði Mjólklár-virkjunar I, þannig að í vetur hefur ekki verið unnt að keyra vélar Mjólklár-virkjunar I nema með hálfu afli. Af þeim sökum hefði raforkuskömmtun verið nær óumflýjanleg á veitusvæði Mjólklár-virkjunar í vetur ef svo hefði ekki viljað til, að Rafveita Ísafjarðar hafði með ærnum tilkostnaði lokið kaupum og uppsetningu á nýrri 2.1 MW dísilstöð. Sú stöð átti að vera varastöð fyrir Ísafjarðarkaupstað, en dísilrafstöðvar Rafveitu Ísafjarðar í Engidal eru gamlar og úr sér gengnar og geta brugðist hvenær sem er, en hafa þó verið og eru enn keyrðar jafnt og þétt á vetrum. Þessi nýja dísilstöð Rafveitu Ísafjarðar hefur reynst það haldreipi, sem forðað hefur frá algeru neyðarástandi í raforkumálunum, því Rafmagnsveitar ríkisins náðu samningum við Rafveitu Ísafjarðar um kaup á raforku frá þessari dísilstöð til dreifingar á Vestfjörðum. Með þessum hætti verður í aprílmánuði n. k. búið að framleiða um 1 milljón kwst. fyrir RARIK í dísilrafstöð Rafveitu Ísafjarðar.

Að vísu er nú verið að vinna vatnsmiðlunarframkvæmdir á vatnasvæði Mjólklár-virkjunar við svonefnda Hófsárveitu, sem vonast er til að tryggja aflvélum Mjólklár-virkjunar I nægilegt vatnsmagn á næsta ári, en engin reynsla hefur enn fengist af því, hvort sú framkvæmd skilar fullum árangri. Jafnvel þótt svo verði nægir samanlögð orkuframleiðsla vatnsaflsvirkjana á Vestfjörðum hvergi nærri til þess að fullnægja eftirspurn, þannig að auðsætt er, að á næstu árum verður í enn ríkara mæli að treysta á dísilstöðvar til raforkuframleiðslu, og hefur það ekki aðeins í för með sér mikinn kostnað við framleiðslu rafmagns, heldur er með því ekki síður tekin sú mikla áhætta, að langtímum saman er ekkert varaafli til á svæðinu og sumar dísilstöðvarnar auk þess að því komnar að falla úr notkun, en slíkt mundi að sjálfsögðu hafa í för með sér ólýsanlega erfiðleika fyrir vestfirðinga og gifurlegt fjárhagstjón. Um raforku til húsa hitunar er að sjálfsögðu tóm mál að tala, svo lengi sem þetta ástand varir. Kemur þetta t. d. glögggt í ljós, ef miðað er við nýútkomna endurskoðaða orkuspá fyrir Vestfirði og sú spá borin saman við framframleiðslugetu virkjana á svæðinu. Þá má einnig hafa til hliðsjónar eftirfarandi upplýsingar um orkuþörf og orkuframleiðslu á veitusvæði Mjólklár-virkjunar, sem Vestfjarðaveita RARIK hefur saman tekið.

Eins og fyrr sagði er sameiginlegt afl vatnsaflsvirkjana á svæðinu alls 9.6 MW. Sé miðað við áætlun Vestfjarðaveitu RARIK um húsahtun með rafmagni í áföngum og 20% alagi vegna tapa verður orkuþörf Mjólkárveitunar­svæðisins sem hér segir:

Árið 1978 alls 81.7 Gwst. og orkuvöntun 26.3 Gwst.

Árið 1979 alls 94.5 Gwst. og orkuvöntun 39.1 Gwst.

Árið 1980 alls 107.6 Gwst. og orkuvöntun 52.2 Gwst.

Ef ætti að anna þessari orkuvöntun með orkuframleiðslu frá dísilstöðvum mundi það kosta sem hér segir:

Árið 1978 473.4 m.kr.

Árið 1979 703.8 m.kr.

Árið 1980 939.6 m.kr.

Hér er reiknað með því, að kostnaðarverð á kwst. frá dísilstöðvum sé um 18 kr., en það er það verð, sem kostar að framleiða hverja kwst. í hinni nýju dísilstöð Rafveitu Ísafjarðar. Einnig er við það miðað, að framkvæmdir við Hófsárveitu skili fullum árangri þannig að afl Mjólkárveitunar I nýtist til fulls.

Af framansögðu má augljóst vera hvert neyðarástand blasir nú við í raforkumálum vestfirðinga — og er raunar þegar orðið. Jafnvel þótt húsahtun kæmi ekki að ráði til greina geta vatnsaflsvirkjanir á Vestfjörðum hvergi nærri annað eftirspurn eftir raforku til almennra nota, og fer ástandið hriðversnandi.

Þrátt fyrir það ástand, sem hér hefur verið lýst, hafa engar ákvarðanir verið teknar um frekari veitunarframkvæmdir á Vestfjörðum. Að vísu var 14. maí árið 1975 samþykkt á Alþingi tillaga til þingsályktunar frá þingmönnum frá Vestfjörðum þess efnis, að ríkisstjórninni væri falið að heimila smávirkjun — 2 MW — við Suður-Fossá á Rauðasandi. Fljótlega eftir samþykkt tillögunnar var hafist handa um nokkrar undirbúningsframkvæmdir, en síðan ekki söguna meir. Bendir nú ýmislegt til þess, að ekki verði af frekari veitunarframkvæmdum þar, m. a. vegna þess að frekari athuganir hafi leitt í ljós, að veitunin væri mun óhagkvæmari en fyrst var talið. En jafnvel þótt svo færi, að haldið yrði áfram framkvæmdunum við Suður-Fossá, er hér um svo litla veitun að ræða, að orkan, sem hún gæti framleitt, yrði nánast eins og dropi í hafið þegar miðað er við þörfina. Þá voru samþykkt lög á Alþingi 18. maí 1976 um Orkubú Vestfjarða. Lagasetning þessi er um skipulag raforkumála fjórðungsins, en í henni felst engin ákvörðun um frekari veitunir eða aðrar ráðstafanir til þess að leysa úr raforkuvandkvæðum vestfirðinga. Annað og meira en það, sem hér er upp talið, hefur ekki verið aðhafst í raforkumálum á Vestfjörðum og því óhætt að fullyða, að eindæma sinnuleysi hafi ríkt hjá stjórnvöldum og æðstu yfirstjórn orkumála í landinu gagnvart raforkumálum vestfirðinga, enda munu þeir aðilar hafa talið sig þurfa um annað að hugsa í raforkuframkvæmdum en að bæta úr brýnni þörf þess fólks, sem byggir Vestfirði.

Þeim mun augljósara er þetta sinnuleysi þar sem vitað er, að tillögur hafa nú um nokkra hrið legið fyrir um aðgerðir til úrbóta, en ákvarðanir á grundvelli þeirra hefur ekki verið hirt um að taka. Svo eitt dæmi sé tekið, þá er nú liðið all­langt síðan athugunum lauk varðandi gerð, stæði, kostnað og framkvæmdir við byggingu línu frá byggðalínu í botni Hrutafjarðar í Króksfjarðarnes og þaðan vestur um að Mjólkárveitun. Á sínum tíma gerðu Rafmagnsveitur ríkisins tillögu til ríkisstjórnarinnar við undirbúning fjárlaga um að línubyggingin yrði hafin, og ef á þá tillögu hefði verið fallist væri gerð línunnar hafin þegar þetta er ritað. Ríkisstjórnin hafnaði hins vegar þessum tillögum Rafmagnsveitna ríkisins og hefur enn ekki fengist til að fallast á þær. Svo annað dæmi sé tekið, þá fékk iðnaðar­ráðherra í júlímánuði árið 1976 í hendur frá Rafmagnsveitum ríkisins tvær við­amiklar skýrslur um næstu hugsanlegar vatnsaflsvirkjanir í Vestfirðingafjórðungi — fullgerða frumhönnun að meðalstórri vatnsaflsvirkjun í Dynjanda í Arnarfirði

og frumáætlun um virkjun við Þverá á Langadalsströnd við Ísafjarðardjúp. Svo undarlega var með mál þetta farið, að þingmenn vestfirðinga hafa enn ekki fengið um það að vita, að t. d. frumhönnun virkjunar í Dynjanda væri lokið og sú virkjun því fyrir allnokkru komin á ákvörðunarstig. Svo virðist vera sem iðnaðarráðherra hafi af einhverjum ástæðum ekki viljað að þingmönnum bærast vitneskja um á hvaða stig þessar athuganir eru komnar, en bæði þingmenn og forsvarsmenn vestfirðinga heima í héraði hafa verið látnir standa í þeirri trú, að undirbúningur undir ákvarðanatöku væri mun skemmra á veg kominn af hálfu sérfræðinga en raun ber vitni. Hvað sem því líður er það staðreynd, að þótt talsvert langt sé um liðið frá því aðgerðir til úrbóta í raforkumálum vestfirðinga — lagning Vestfjarðarlínu og hönnun nýrrar vatnsaflsvirkjunar á Vestfjörðum — eru hvað undirbúningur varðar komnar á ákvörðunarstig, þá hefur dregist von úr viti að ákvarðanir séu teknar og jafnvel verið haldið þannig á málum, að ástæða er til þess að ætla, að stjórnvöld séu vissvítandi að koma sér hjá því að taka ákvarðanir á grundvelli framkominna tillagna og beiti m. a. til þess þeim ráðum að halda leyndu fyrir vestfirðingum, hversu langt sérfræðilegur undirbúningur er kominn, til þess að þurfa síður að sæta þrýstingi frá heimamönnum um að ákvarðanir verði teknar. Er þessi „varkárni“ í talsvert miklu ósamræmi við þá málsmeðferð og þá framkvæmdahætti, sem eru ríkjandi hjá ráðamönnum í ýmsum öðrum raforkuframkvæmdum í landinu, þótt síður en svo sé verið að óska þess, að þeir starfshættir verði almennt teknir til fyrirmyndar um orkuframkvæmdir á Íslandi.

Eins og málum er nú komið er því óhjákvæmilegt annað en Alþingi marki stefnuna í úrbótum í raforkumálum vestfirðinga á grundvelli þeirra tillagna og áætlana, sem þegar liggja fyrir. Í þáttill. þessari er lagt til, að markmiðið með þeirri stefnu verði að leysa sem fyrst og með sem hagkvæmustum hætti úr raforkuvandkvæðum á Vestfjörðum. Fljótverkasta leiðin, sú sem skilað gæti vestfirðingum mestri raforku á skemmstum tíma og eftir þörfum, eins og þær eru hverju sinni, og jafnframt sú leið, sem er í fyllsta samræmi við þá stefnu um samtengingu orkuveitusvæða, sem hvað brýnust er fyrir hagsmuni þjóðarheildarinnar, er að lögð sé Vestfjarðarlína — þ. e. a. s. lína frá byggðalínu úr botni Hrutafjarðar til Króksfjarðarness og þaðan vestur um til Mjólkárviðvirðingar. Tillögur liggja þegar fyrir um gerð þessarar línu, línustæði, styrkleika og framkvæmdaáfangar, þannig að ekkert er því til fyrirstöðu að hefjast þegar handa við gerð hennar eftir að ákvörðun hefur verið tekin og fjármagn útvegað. Þar sem talað er um í tillögunni, að ríkisstjórnin láti þegar ljúka undirbúningi að ákvarðanatöku um byggingu línunnar, þannig að unnt verði að taka ákvörðun um framkvæmdina við afgreiðslu næstu fjárlaga, er því fyrst og fremst átt við fjármagnsútvegum.

Samkvæmt þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið um línu þessa, er kostnaður við gerð línunnar sjálfrar áætlaður 1263 m.kr. á núverandi verðlagi og kostnaður við aðveitustöðvar 900 m.kr., einnig á núverandi verðlagi, þannig að heildarkostnaðurinn er áætlaður 2163 m.kr. á núverandi verðlagi. Gert er ráð fyrir, að línan verði byggð í tveimur áföngum á tveimur árum: Fyrri áfanginn frá botni Hrutafjarðar til Króksfjarðarness með aðveitustöð þar. Síðari áfangi frá Króksfjarðarnesi til Mjólkárviðvirðingar með aðveitustöð þar.

Línan er hönnuð eftir sömu forsendum og byggðarlínan — þ. e. a. s. er miðuð við flutning á allt að 50 MW afl. Samkvæmt upplýsingum, sem flutningsmaður hefur aflað sér, og með hliðsjón af spám um orkuframboð og orkueftirspurn á Landsvirkjunarsvæðinu má fastlega gera ráð fyrir, að þegar Vestfjarðarlína væri tekin til notkunar fyrir áramót 1979—1980 yrði til staðar minnst 10 MW afl — eða u. þ. b. 50 Gwst. orka — til flutnings frá byggðalínu um Vestfjarðalínu til Vestfjarða, þótt ekki sé gert ráð fyrir neinni raforkuframleiðslu frá Kröfluvirkjun og byggðalínan þurfi því jafnframt að þjóna allri orkuþörf Norðurlands. Er hér um að ræða orku, sem gerir meira en að uppfylla þarfir vestfirðinga fyrir raforku, þ. á m. til húshitunar í áföngum. Að sjálfsgöðu má svo enn auka flutningsgetu byggðalínunnar með byggingu annarrar 50 MW spennistöðvar, og áætlanir Landsvirkj-

unar benda eindregið til þess, að nægilegt framboð af ódýrri raforku verði á orkuveituvæði virkjunarinnar til flutnings eftir byggðalínu til Norður-, Austur- og Vesturlands. Ef allar áætlanir standast um raforkuframleiðslu Kröfluvirkjunar, kemur raforkuframleiðsla hennar svo þar til viðbótar inn á kerfið og þar með eykst framboðið enn, þótt flm. vilji ekki undir neinum kringumstæðum gera ráð fyrir því, að sú orka verði að sama skapi ódýr og hún kann að verða mikil.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið, er eftirfarandi því ljóst:

1. Tillögur um alla gerð Vestfjarðalínu, þ. á m. framkvæmdaáætlun og kostnaðaráætlanir, eru fyrir hendi, hægt að hefjast handa um gerð slíkrar línu þegar í stað, eftir að ákvörðun hefur verið tekin, og ljúka henni á tveimur árum.
2. Engin önnur ráðstöfun getur með jafnskjótum hætti leyst úr raforkuþörf vestfirðinga og engin önnur ráðstöfun er jafnhentug með það fyrir augum, að vestfirðingar geti fengið alla þá raforku, sem þeir þurfa, á hagstæðu verði og jafnframt í því magni, sem þeir þurfa hennar með á hverjum tíma — þ. á m. með hliðsjón af framkvæmdahraða við raforkunot til húsa hitunar.
3. Engin önnur ráðstöfun fellur jafnvel að þeirri heildarstefnu í raforkumálum um samtengingu orkuveituvæða, sem er forsenda fyrir hagkvæmstu nýtingu virkjana fyrir landið allt.
4. Gerð Vestfjarðalínu útilokar ekki byggingu nýrra vatnsaflsvirkjana á Vestfjörðum í náinni framtíð með sama hætti og t. d. ákvörðun um að ráðast í slíka virkjun nú — í stað þess að leggja línuna — mundi útiloka gerð Vestfjarðalínu í náinni framtíð, — en bæði línun og frekari vatnsaflsvirkjanir á Vestfjörðum eru það sem að ber að stefna til þess að tryggja öryggi í raforkumálum þessa landshluta á sama hátt og annarra.

Að sjálfsögðu er gengið út frá því, að við gerð byggðalínu til Vestfjarða — Vestfjarðalínu — sé unnið með hliðstæðum hætti og unnið hefur verið að gerð byggðalínunnar norður og línunnar frá Kröflu til Akureyrar. Með þessu er að sjálf-sögðu átt við það, að það er t. d. ekki frekar verkefni Orkubús Vestfjarða að byggja þá línu en það hefur verið verkefni orkuöflunar- og dreififyrirtækja á Norðurlandi að byggja byggðalínuna norður eða Kröfluvirkjunar að leggja og kosta gerð línunnar Krafla—Akureyri. Hins vegar verður að sjálfsögðu fyrr eða síðar að taka ákvörðun um, hver á að eignast þessar samtengilínur orkuveituvæða og með hvaða skilmálum og hver á að reka þær, og kemur þá Orkubú Vestfjarða að sjálfsögðu til greina varðandi Vestfjarðalínu með sama hætti og t. d. hugsanlegt sameiginlegt orkufyrirtæki Norðlendinga varðandi Norðurlínu o. s. frv.

Í síðari mgr. tillögunnar er svo vikið að því, að áfram verði unnið að undirbúningi vatnsaflsvirkjana á Vestfjörðum og m. a. úr því skorið, hver sé fýsilegasti virkjunarkosturinn þar. Verði síðan lokið við að hanna gerð þeirrar virkjunar, sem hagfelldust er talin, og lokið við gerð kostnaðaráætlana, þannig að ákvarðanatáka um nýja vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum geti farið fram til samræmis við þarfir — en á það hefur mjög skort, eins og lýst hefur verið.

Á það skal að endingu bent til samanburðar við þá leið, sem valin hefur verið sem fyrsti kostur af flm. þáttill. þessarar — þ. e. a. s. byggðalína til Vestfjarða — að samkvæmt þeim áætlunum, sem þegar hafa verið gerðar um vatnsaflsvirkjun í Dynjanda — en áætlangerð um þá virkjun er lengst komin af öllum athugunum á virkjunarkostum vestra — er þar aðeins um tiltölulega litla virkjun að ræða, sem t. d. gæti ekki leyst rafhitunarmál með sama hætti og Vestfjarðalína. Í annan stað mundu líða a. m. k. 5 ár frá því að ákvörðun um slíka virkjun væri tekin og þar til framkvæmdum væri lokið og hún kæmist í gagnið — a. m. k. 8 ár ef um stærri virkjun væri að ræða. Er því ljóst, að Vestfjarðalína er bæði nærtækasti og æskilegasti kosturinn og jafnframt sá, sem alls ekki útilokar hinn valkostinn — vatnsaflsvirkjun í héraði — heldur þvert á móti er til styrktar slíkri framkvæmd, sem einnig þarf að vinnast til þess að tryggja öryggi og hagkvæmni og til samræmis við aðstæður í orkumálum eins og þær eru á hverjum tíma.